



A 1684/välfärd

Flytjandi:
Flokkahópur jafnaðarmanna

Afgreiðsla:
Velferðarnefndin

Málsnúmer: 16-00248-2

Þingmannatillaga um skýrslu um aðlögun með góðu fordæmi

Tillaga

Flokkahópur jafnaðarmanna leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að semja skýrslu þar sem varpað er ljósi á aðlögun frá ýmsum hliðum, meðal annars menntun, vinnumarkaði, tungumálakennslu, húsnæðismálum, mismunun og tómstundastarfi;

að í skýrslunni verði sjónum einnig beint að góðu fordæmi um aðlögun á Norðurlöndum;

að efnt verði til málþings fyrir stefnumótandi aðila á Norðurlöndum þar sem góð reynsla og rekstrarlíkön á sviði aðlögunar verði til umræðu.

Forsaga

Á undanförunum árum hefur Norðurlandaráð komið að úttektum á mikilvægum málefnum í norrænu samstarfi. Þar má nefna Könberg-skýrsluna um „Framtíðarsamstarf Norðurlanda í heilbrigðismálum“, og nú síðast skýrslu Pouls Nielsons um norrænan vinnumarkað. Um er að ræða vandaðar og vel unnar skýrslur sem fjalla um mikilvæg málefni. Starfshættir þessir hafa skilað góðum árangri. Það kann að stafa af því að auðvelt hefur reynst að fylgja málaflokkunum eftir á ýmsan hátt, á málþingum og fundum með mismunandi stofnunum og aðilum. Það hefur gefið góða raun að fjalla um mikilvægan málaflokk sem er ofarlega á baugi í einu og sama skjali.

Eitt þeirra málefna sem brenna á Norðurlöndum í dag er aðlögun. Mikill fjöldi flóttafólks hefur leitað til landa okkar á skömmum tíma. Það er á flótta undan stríði, hryðjuverkum og ofsóknum. Mikilvægt er að skapa því fólki sem hér fær hæli góð skilyrði til þess að aðlagast og taka þátt í samfélögum okkar. Mikil áskorun felst í því að taka á móti miklum fjölda

fólks á skömmum tíma, enda þarf að sjá því fyrir tungumálakennslu, menntun, húsnæði og atvinnu, en einnig heilbrigðisþjónustu og tómstundastarfi. Fylgdarlausum börnum á flóttu þarf að tryggja skólavist og öruggt húsnæði. Einnig er mikilvægt að huga að viðhorfum almennings og varna því að fordómar, mismunun og kynþáttahatur færast í aukana og skjóti rótum.

Hinir nýju íbúar geta reynst mikil auðlind fyrir lönd okkar. Meðalaldur fólks fer hækkandi á Norðurlöndum og þá getur vel heppnuð aðlögun nýrra íbúa falið í sér dýrmæta viðbót. Við þurfum að mæta hinni miklu þörf sem áfram mun verða á vinnuafli. Það getum við gert með menntun og raunfærnimati. Margt af því fólki sem hingað leitar er menntað og hefur starfsreynslu á sínu sviði. Þá getur þurft tungumálakennslu og einhverja viðbótarmenntun áður en það getur tekið til starfa á ný.

Margir íbúar í löndum okkar eru af erlendum uppruna. Margir hafa aðlagast vel og geta gefið öðrum góð fordæmi. En aðrir hafa ekki aðlagast að sama skapi og því er mikilvægt að starfa áfram að aðlögun. Takist okkur það getum við nýtt mannauðinn, þekkingu fólks og reynslu. Árangursrík aðlögun getur einnig spornað gegn ofstæki og innrætingu öfgastefnu.

Í skýrslu af þessu tagi mætti safna saman þekkingu, góðum fordæmum og tillögum að aðgerðum með það fyrir augum að aðlögunin takist eins vel og kostur er. Samvinna og þekkingarmiðlun eru styrkur norræns samstarfs.

Ríkisdagen, Stokkhólmi, Svíþjóð, 26. september 2016

Erkki Tuomioja (sd)
Gunvor Eldegard (A)
Helgi Hjörvar (A)
Irene Johansen (A)
Johan Andersson (S)
Karin Gaardsted (S)
Karen J. Klint (S)
Knut Storberget (A)
Lars Mejern Larsson (S)
Lennart Axelsson (S)

Maarit Feldt-Ranta (sd)
Peter Johnsson (S)
Phia Andersson (S)
Pyry Niemi (S)
Ruth Mari Grung (A)
Sonja Mandt (A)
Suzanne Svensson (S)
Tony Wikström (ÅSD)
Ville Skinnari (sd)

Norðurlandaráð

A 1684/välfärd

Flytjandi:
Flokkahópur jafnaðarmanna

Afgreiðsla:
Velferðarnefndin

Málsnúmer: 16-00248-2